



TÓNLISTARSKÓLI
ÁRNESINGA

Eyravegi 9, 800 Selfoss · Sími: 482 1717 · tonar@tonar.is · www.tonar.is

Flóahreppur
Þingborg
801 Selfoss

Selfossi 18. desember 2024

Efni: Ósk um aukna tónlistarkennslu í Flóahreppi frá janúar 2025.

Rætt hefur verið um að Tónlistarskóli Árnésinga þyrfti að endurvekja kennslu í Flóaskóla eins og var. Í dag sækja nemendur Flóahrepps tónlistartíma á Selfoss (hver á sitt hljóðfæri), en byggja þyrfti upp kennslu á staðnum sem kæmi inn til viðbótar. Það þýðir að auka þarf við kennslukvótann.

Í dag eru kenndar 17,5 klst. í Flóahreppi. **Óskað er eftir 3 – 5 klst.** til viðbótar, eftir því hver aðsókn væri í píanónám í Flóaskóla, en píanókennari er tiltækur í verkið.

Kostnaður. Hver klukkustund kostar um 836.000 kr. á ári. (Innifalið í kostnaði eru auk einkakennslunnar m.a. allir tónfræðitímar, samspil og hljómsveitastarf og allur annar launatengdur kostnaður vegna kennslunnar).

ATH. Sveitarfélagið greiðir aðeins fyrir þær stundir sem nýtast. Ef skólinn þarf ekki leyfðan fjölda klst. (t.d. ef nemendur hverfa frá námi) fækkar greiddum klst.

Með von um góðar undirtektir.

Virðingarfyllst,

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri